

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs og sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar skal innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir meðhöndlun úrgangs samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg nr. 262/2024.

2. gr.

Sérstök söfnun við heimili er flokkun með 4 tunnum sem grunnregla, en möguleiki á spartunnu eða tvískiptri* tunnu samkvæmt neðangreindu:

Breytilegt gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:		Gjald kr./ílát á ári	
		28 dagar	10 dagar
Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða – tunna 1	Íbúð/sérbýli	Fjölbýli
512	Blandaður heimilisúrgangur 140 l	24.408	
511	Blandaður heimilisúrgangur 240 l	36.004	
517	Blandaður heimilisúrgangur 240 l		99.702
513	Blandaður heimilisúrgangur 660 l	76.529	
515	Blandaður heimilisúrgangur 660 l		257.067
516	Blandaður heimilisúrgangur 1.000 l		368.143
531	140/100 l tvískipt grá/lífræn tunna*	35.417	
532	Djúpgámur 5 m³**	594.178	
	* Sé þessi valin eru 3 tonnur við heimili, eitt ílát skiptist í tvo flokka (ílát 1 og 4)		
	** Losun 18 skipti á ári		
Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:		28 dagar	14 dagar
Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða – tunna 2	Íbúð/sérbýli	Fjölbýli
541	Pappír/pappi 240 l	6.499	
547	Pappír/pappi 240 l		12.998
549	Pappír/pappi ker 660 l		33.599
546	Pappír/pappi ker 1.000 l		36.787
548	Djúpgámur pappír/pappi 5 m³**	306.158	
	** Losun 18 skipti á ári		
Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:		28 dagar	14 dagar

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða – tunna 3</i>	<i>Íbúð/sérbýli</i>	<i>Fjölbýli</i>
551	Plast 240 l	6.499	
552	Plast 240 l		12.998
556	Plast ker 660 l		33.599
557	Plast ker 1.000 l		36.787
558	Djúpgámur plast 5 m ³ **	306.158	
	** Losun 18 skipti á ári		
		Gjald kr./ílát á ári	
Breytilegt gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, lífúrgangur:		28 dagar	10 dagar
<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláts og hirða – tunna 4</i>	<i>Íbúð/sérbýli</i>	<i>Fjölbýli</i>
521	Lífrænn úrgangur 140 l	14.090	
522	Lífrænn úrgangur 140 l		39.019
523	Djúpgámur lífrænn úrgangur 3 m ³	451.949	

3. gr.

Fast gjald er lagt á allar fasteignir sveitarfélagsins til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málaflokknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s umsýsla, fræðsla, hreinsun rusls á víðavangi, rekstur grenndarstöðva og aðgengi að gámasvæði með gjaldfrjálsan úrgang.

Álagningin er á fasteignir í a-, b- og c-lið samkvæmt 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

<i>Gjaldflokkur nr.</i>	<i>Sameiginlegur kostnaður á fasteignir</i>	<i>Gjald kr.</i>
591	A-fasteignir	13.712
592	B- og C-matshlutar að stærð 15–250 m ²	20.220
593	B- og C-matshlutar að stærð 251–500 m ²	47.762
594	B- og C-matshlutar að stærð 501–1.000 m ²	70.275
596	B- og C-matshlutar að stærð 1.001–2.500 m ²	96.378
597	B- og C-matshlutar að stærð > 2.501 m ²	137.995
595	A-fasteignir aðrar en íbúðir	17.964

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Önnur gjöld:

Tunnugjald: Nýjar 140 l tunnur	12.694	kr./ílát
--------------------------------	--------	----------

Tunnugjald: Nýjar 240 l tunnur	15.893	kr./ílát
Tunnugjald: Nýjar 240 l tvískiptar tunnur	20.640	kr./ílát
Tunnugjald: Ný 660 l ker	59.340	kr./ílát
Tunnugjald: Ný 1.000 l ker	120.744	kr./ílát
Útkeyrslugjald tunnur	3.096	kr./ferð
Útkeyrslugjald ker	6.192	kr./ferð
Tunnufesting	4.901	kr./stk.
Teygjufesting á lok í lausasölu	1.027	kr./stk.
Teygjufesting á lok sett á nýjar tunnur	1.284	kr./stk.
Lok á tunnur	3.096	kr./stk.
Skrefagjald – umfram 15 m frá söfnunarleið	50%	kr./ílát
Breytingagjald – skráningargjald vegna breytinga	4.000	kr./breyting
Tunnugjald: Notuð tunna/ker – 50% af verði nýrrar		kr./ílát

Breytingagjald er greitt í hvert skipti sem óskað er eftir breytingum á skráningu.

Tunnugjald og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða.

Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu enda sé hún óskemmd. Verð eldri tunnunnar miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því notkun hófst.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og öðlast gildi frá 1. janúar 2026.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs og sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 1646/2024.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn, 3. desember 2025.

Selfossi, 3. desember 2025.

Bragi Bjarnason bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 18. desember 2025